



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Dagsetning 5. júní 2013

## Rannsóknaráætlun

### -Markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins á íslenska eldsneytismarkaðnum-

#### I.

##### Inngangur

Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að hefja markaðsrannsókn á íslenska eldsneytismarkaðnum, þ.e. heildarmarkaðnum fyrir sölu á eldsneyti unnu úr hráolíu, bæði á heildsölu- og smásölustigi. Rannsóknin byggir á c-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 2. gr. laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 14/2011 (hér eftir samkeppnislög). Markaðsrannsókn þessi felur í sér athugun á því hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns, sbr. einnig 2. mgr. 16. gr. samkeppnislaganna. Með aðstæðum er átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulagi eða uppbyggingu þeirra fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt hefur skaðleg áhrif á samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Um markaðsrannsóknir, málsmeðferð og ákvarðanatöku gilda reglur um markaðsrannsóknir Samkeppniseftirlitsins nr. 490/2013.

Rannsóknaráætlun þessi er í samræmi við 4. gr. fyrrgreindra reglna nr. 490/2013. Rétt er að taka fram að áætlunin felur í sér áform um tilhögun og afmörkun rannsóknar, sem kunna að breytast eftir því sem rannsókninni vindur fram. Samkeppniseftirlitið tilkynnir aðilum þeim sem markaðsrannsóknin beinist að um upphaf málsins. Hið sama gildir um þá aðila sem rannsókn kann á síðari stigum að beinast að, sbr. 6. gr. fyrrnefndra reglna nr. 490/2013.

Í samræmi við 5. gr. fyrrgreindra reglna nr. 490/2013 þá hefur stjórn Samkeppniseftirlitsins skipað ráðgjafahóp en hlutverk hans er að veita faglega ráðgjöf og aðstoð vegna markaðsrannsóknarinnar. Ráðgjafahópin skipa:

- Dr. Daði Már Kristófersson, dósent við hagfræðideild Háskóla Íslands.
- Dr. Þorkell Helgason, stærðfræðingur og fyrrverandi Orkumálastjóri.

Markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins getur á öllum stigum rannsóknar leitt til þess að Samkeppniseftirlitið hefji rannsókn á málum á grundvelli annarra ákvæða samkeppnislaga, þ.á m. 10., 11., 12. og 14. gr., sbr. a- og b- lið 1. mgr. 16., 18. og 41. gr. a. fyrrnefndra laga.

Í II. kafla rannsóknaráætlunarinnar er fjallað um mikilvægi samkeppni á íslenska eldsneytismarkaðnum. Í kafla III er fjallað um markaðsgerðina, til hvaða markaða rannsóknin nær í upphafi og þau fyrirtæki er starfa á markaðnum. Í kafla IV er fjallað um þær aðstæður eða háttsemi sem Samkeppniseftirlitið telur hugsanlegt að geti komið í veg



fyrir, takmarkað eða haft skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Í kafla V er svo loks fjallað nánar um tilhögun rannsóknarinnar.

Sú umfjöllun sem fram kemur í rannsóknaráætlun þessari felur í sér frummat á upphafsstigi markaðsrannsóknar. Ályktanir í henni eru ekki bindandi fyrir Samkeppniseftirlitið.

Þeim hagsmunasamtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum sem vilja koma á framfæri ábendingum vegna rannsóknarinnar er bent á að senda upplýsingarnar á netfangið [valur@samkeppni.is](mailto:valur@samkeppni.is), eða með bréfi til:

Samkeppniseftirlitið  
B.t. Vals Þráinssonar  
Borgartúni 26  
125 Reykjavík  
Pósthólf 5120

## II.

### Um mikilvægi samkeppni á íslenska eldsneytismarkaðnum

Eldsneyti er mikilvægt fyrir íslenskt hagkerfi. Heildarvelta íslensku olíufélaganna<sup>1</sup>, sem að stórum hluta er til komin vegna sölu á eldsneyti, nam rúmlega 120 milljörðum króna á árinu 2011. Samkeppniseftirlitið áætlar að íslensk heimili hafi keypt bensín og díselolíu fyrir um 42 milljarða það ár. Á árunum 2005-2012 var verð á bensíni og díselolíu á Íslandi, án skatta og annarra opinberra gjalda, hátt í samanburði við verð í löndum innan Evrópusambandsins. Á sama tímabili var verð á bensíni á Íslandi 20% hærra en vegið meðalverð bensíns í löndum Evrópusambandsins og vegið meðalverð á díselolíu um 15% hærra.<sup>2</sup> Að auki er meðalverð bensíns og díselolíu á Íslandi að jafnaði með því hæsta sem þekktist innan aðildarríkja Evrópusambandsins á fyrrgreindu tímabili.<sup>3</sup>

Ljóst er að samkeppni og hagkvæmur rekstur þeirra fyrirtækja sem starfa á íslenska eldsneytismarkaðnum skiptir miklu máli fyrir heimili og fyrirtæki. Ef bensín- og díselverð á Íslandi hefði verið jafnt vegnu meðalverði landa Evrópusambandsins, án skatta og opinberra gjalda á tímabilinu 2005-2012, hefði lítraverð díselolíu verið um 15 krónum lægra og lítraverð bensíns um 18 krónum lægra á tímabilinu.

Smæð og landfræðileg einangrun kann að hafa áhrif á eldsneytisverð hér á landi. Þeim mun mikilvægara er að samkeppni sé ekki raskað vegna samkeppnishamlandi aðstæðna

<sup>1</sup> Atlantsólía ehf., N1 hf., Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf.

<sup>2</sup> Borin voru saman meðaltal mánaðarlegs meðaltals bensínsverðs/díselverðs á Íslandi árin 2005-2012 við mánaðarlegt meðaltal vegins meðaltals bensínverðs/díselverðs aðildarríkja Evrópusambandsins fyrir sama tímabil.

<sup>3</sup> Ef meðallítraverð bensíns og díselolíu á Íslandi á tímabilinu 2005-2012 er borið saman við meðaltal hæsta verðs hvers mánaðar í löndum Evrópusambandsins kemur í ljós að verð á díselolíu var 1,4% hærra á Íslandi að meðaltali og verð á bensíni var 1,1% lægra að meðaltali. Borin voru saman meðaltal mánaðarlegs meðaltals bensínsverðs/díselverðs á Íslandi árin 2005-2012 við meðaltal mánaðarlegs meðaltals hæsta bensínverðs/díselverðs innan aðildarríkja Evrópusambandsins fyrir sama tímabil. Upplýsingar um bensín- og díselverð má finna á eftirfarandi vefslóð: [http://ec.europa.eu/energy/observatory/oil/bulletin\\_en.htm](http://ec.europa.eu/energy/observatory/oil/bulletin_en.htm)



á markaðnum eða háttsemi þeirra fyrirtækja sem starfa á honum auk þess sem mikilvægt er að framleiðsluþættir viðkomandi markaðar séu nýttir á sem hagkvæmastan hátt.

### **III.**

#### **Markaðsskilgreining**

Samkeppniseftirlitið skilgreinir viðkomandi markað, eða markaði, til þess að afmarka markaðsrannsóknina. Með því er mögulegt að bera kennsl á hugsanlegar samkeppnishömlur sem eru til staðar á markaðnum. Eftir því sem rannsókninni vindur fram getur hins vegar reynst nauðsynlegt að víkka eða þrengja markaðsskilgreiningar.


Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- og/eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar.

### **1.**

#### **Markaðsgerð**

Íslensku olíufélögin, þ.e. N1 hf. (hér eftir N1), Skeljungur hf. (hér eftir Skeljungur), Olíuverzlun Íslands hf. (hér eftir Olís) og Atlantsolía ehf. (hér eftir Atlantsolía), gera í flestum tilvikum samninga við sína birgja til að minnsta kosti eins árs. Þar áætla þau það magn sem þau munu kaupa næsta árið. Eldsneytið er í framhaldinu flutt reglulega til landsins með birgðaskipum og er því næst dælt í birgðageyma félaganna þar sem hafnaraðstaða er fyrir hendi, þ.e. í geyma Olíudreifingar ehf. (hér eftir Olíudreifing), Skeljungs eða Atlantsolíu. Þegar eldsneytið er komið í birgðatankana er hluti eldsneytisins fluttur áfram til valinna minni birgðageymslna. Í kjölfarið sækja olíuflutningabifreiðar eldsneyti í birgðageyma fyrrgreindra fyrirtækja og flytja það annaðhvort til bensínstöðva eða til einstakra kaupenda, s.s. fiskiskipa, minni verktaka og svo framvegis.

Eldsneytismarkaðnum má skipta í tvö lárétt sölustig, þ.e. annars vegar smásölustig, sem tekur m.a. til sölu bensíns og díselolíu á bensínstöðvum, og hins vegar heildsölu- og dreifingarstig sem tekur til innflutnings, dreifingar og birgðahalds á eldsneyti.



## Virðisikeðja eldsneytis (bensíns og díselolíu) sem selt er á Íslandi

Myndin sýnir virðisikeðju eldsneytis sem selt er á Íslandi og þá aðila sem koma að hverju stigi virðisikeðjunnar m.v. þá stöðu sem var uppi á árinu 2012.<sup>4</sup> Í kafla 4 er þeim fyrirtækjum sem starfa á einstökum stigum virðisikeðjunnar lýst. Samkeppniseftirlitið áætla að innkaupsverð og flutningar bensíns og díselolíu til landsins vegi um 36-44% af útsöluverði, skattar og önnur gjöld vegi 46-52% og álagning innanlands vegi um 10-14%.<sup>5</sup> Hluti af álagningu innanlands er m.a. nýttur til þess að standa straum af birgðahaldi, dreifingu, rekstri sjálfsafgreiðslu- og þjónustustöðva, öðrum tengdum rekstri og ávöxtun þess eigin fjár sem bundið er í fyrirtækjunum.

Helstu breytingar sem orðið hafa á íslenska olíumarkaðnum undanfarin 10 ár eru þrjár. Í fyrsta lagi hóf Atlantsolía starfsemi á smásölumarkaðnum fyrir eldsneyti í lok árs 2003. Í öðru lagi hætti Atlantsolía að flytja inn eldsneyti á eigin vegum árið 2007 og á sama tíma gerði félagið samning við Skeljung um kaup á eldsneyti. Hefur þetta leitt til þess að félagið hefur frá þeim tíma eingöngu sinnt birgðahaldi, dreifingu og smásölu. Í þriðja lagi

<sup>4</sup> Á myndinni eru þó ekki tvö félög sem annast birgðahald og eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli en fjallað er um þau félög í köflum 4.7 og 4.8 hér á eftir.

<sup>5</sup> Upplýsingar sem nýttar voru til þess að reikna vægi innkaupsverðs og flutninga bensíns og díselolíu til Íslands, vægi skatta og annarra opinberra gjalda og vægi álagningar voru sóttar til FÍB, Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands.



hættu öll olúfélögin að sjá um flutninga á eldsneyti til Íslands árið 2010 og sömdu við sína birgja um að þeir tækju ábyrgð á innflutningi og leigðu tollvörugeymana af félögunum. Öll fyrirtækin sem flytja inn eldsneyti keyptu það af sama aðila á árinu 2012, þ.e. af Statoil.

## 2.

### Vörumarkaðurinn

Vörumarkaðurinn sem rannsókn þessi tekur til er heildarmarkaðurinn fyrir sölu á eldsneyti á heildsölu- og smásölustigi. Fjallað var um skilgreiningu á mörkuðum á þessu sviði í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004, *Ker hf. (áður Olúfélagið hf.), Olíuverslun Íslands hf., Skeljungur hf. og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði*, og vísast til þess. Um er að ræða vörur sem unnar eru úr hráolíu en henni er umbreytt í nokkrar vörur sem hafa litla eftirspurnarstaðgöngu hver við aðra. Hægt er að flokka vörurnar sem hér segir:

- léttseimuð hráolía
  - t.d. bensín
- miðlungseimuð hráolía
  - t.d. gasolía, dísel og flugvélaeldsneyti
- þungeimuð hráolía
  - t.d. skipagasolía.

Vörutegundir sem unnar eru úr fyrrgreindum olútegundum eru t.a.m. fljótandi eldsneyti, s.s. bílabensín, gasolútegundir, svartolía og flugvélaeldsneyti. Ljóst er að margar olíuvörur eiga sér ekki staðgengdarvöru og geta þar af leiðandi verið forsendur fyrir því að skilgreina marga undirmarkaði, auk þess sem möguleiki er á að vissir flokkar kaupenda geti myndað sérstaka markaði. Á seinni stigum rannsóknarinnar getur verið þörf á því að skilgreina vöru- eða þjónustumarkaðinn nánar.

## 3.

### Landfræðilegi markaðurinn

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 var landfræðilegi markaðurinn fyrir sölu á olíuvörum skilgreindur sem allt Ísland (heilt og óskipt).

Ef litið er til eftirspurnarstaðgöngu geta verið forsendur til þess að skilgreina marga undirmarkaði. T.d. er ólíklegt að neytendur í Reykjavík sjái sér hag í því að keyra til Egilsstaða þó verð í Reykjavík hækki um 5-10%. Á seinni stigum rannsóknarinnar getur verið þörf á því að skilgreina landfræðilega markaðinn nánar.

## 4.

### Fyrirtæki sem starfa á markaðnum

Fjögur fyrirtæki starfa á smásölustigi markaðarins fyrir heildarsölu eldsneytis á Íslandi. Fyrirtækin sem um ræðir eru Atlantsolía, N1, Olís og Skeljungur. Ef litið er til næsta stigs fyrir ofan smásölustigið, þ.e. til innflutnings, dreifingar og birgðhalds, þá eru þar þrjú



fyrirtæki starfandi; Olíudreifing, Skeljungur og Atlantsolía.<sup>6</sup> Í þessum kafla er einnig fjallað um fleiri fyrirtæki er tengjast heildarmarkaðnum fyrir eldsneyti, s.s. Fjölver ehf. (hér eftir Fjölver), Eldsneytisbirgðastöðina á Keflavíkurflugvelli ehf. (hér eftir EBK) og Eldsneytisafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli ehf. (hér eftir EAK). Umfjöllunin um fyrirtækin er ekki tæmandi og þrátt fyrir að ekki sé fjallað um öll fyrirtæki, stofnanir eða hagsmunaaðila sem kunna að koma við sögu á markaðnum er það ekki vísbending um að um þau verði ekki fjallað í markaðsrannsókninni.

#### **4.1.**

##### **N1**

N1 er stærsti eldsneytissali á Íslandi með áætlaða 45-49% markaðshlutdeild í heildarsölu eldsneytis á árinu 2011 en um 35-39% í sölu bifreiðaeldsneytis fyrir sama ár. Félagið rekur um 100 þjónustustöðvar um landið og stundar einnig annars konar rekstur. Til að mynda veitir félagið smurpþjónustu, hjólbarðapþjónustu og selur varahluti auk margs konar smávöru. Olíudreifing, sem er í 60% eigu N1 og 40% eigu Olís, sér um birgðahald og dreifingu fyrir eigendur sína.

#### **4.2.**

##### **Skeljungur hf.**

Skeljungur er næst stærsti eldsneytissali á Íslandi með áætlaða 25-29% markaðshlutdeild í heildarsölu eldsneytis og bifreiðaeldsneytis á árinu 2011. Fyrirtækið rekur 69 bensínstöðvar um allt land, þar af 56 undir merkjum Orkunnar og 13 undir merkjum Skeljungs. Skeljungur selur einnig áburð og margskonar hráefni, s.s. leysiefni, plastefni, fosföt auk þess að sinna útleigu á geymarými í Hvalfirði o.fl. Skeljungur dreifir eldsneytinu sem fyrirtækið flytur inn á eigin bílum um landið.

#### **4.3.**

##### **Olíuverzlun Íslands hf.**

Olís er með áætlaða 20-24% markaðshlutdeild í heildarsölu eldsneytis og bifreiðaeldsneytis á árinu 2011. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á eldsneyti og tengdri þjónustu, sölu ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur, vörum til útivistar og ferðalaga ásamt fjölbættri þjónustu við sjávarútvegs-, verktaka- og flutningafyrirtæki um land allt. Olís rekur um 38 þjónustustöðvar um allt land og dótturfélag Olís, ÓB, rekur 32 sjálfsafgreiðslustöðvar um allt land. Olíudreifing, sem eins og áður segir er í 40% eigu Olís, sér um birgðahald og dreifingu fyrir Olís.

#### **4.4.**

##### **Atlantsolía ehf.**

Atlantsolía byrjaði að flytja inn olíu til Íslands í júlí 2003. Fram til desember 2003 seldi Atlantsolía aðeins eldsneyti til stórnotenda en frá þeim tímapunkti byrjaði fyrirtækið að selja eldsneyti til neytenda. Útsölustöðum félagsins hefur fjölgað en þeir voru 18 talsins á árinu 2012; 16 á Vestur-, Suðvestur- og Suðurlandi og tveir á Norðurlandi. Félagið hefur frá upphafi rekið eina birgðastöð í Hafnarfirði. Markaðshlutdeild Atlantsolíu á árinu 2011 er áætluð um 5-9% í heildarsölu eldsneytis en um 10-14% í sölu bifreiðaeldsneytis.

---

<sup>6</sup> Olíudreifing er í eigu N1 (60%) og Olís (40%).



#### 4.5.

##### **Olíudreifing ehf.**

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti fyrir eigendur sína, N1 og Olís, og hefur Olíudreifing yfirtekið starfsemi móðurfélaganna á þessum sviðum, sjá einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 23/1995 sem varðaði m.a. stofnun Olíudreifingar.

#### 4.6.

##### **Fjölver ehf.**

Fjölver er efnarannsóknarstofa sem framkvæmir um 50 staðlaðar mælingar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum á borð við staðla ASTM International.<sup>7</sup> Fjölver sinnir einnig sýnatöku og magneftirliti í birgðaskipum og landgeymum vítt og breytt um landið. N1, Skeljungur og Olís eiga hvert fyrir sig þriðjungs hlut í fyrirtækinu.

#### 4.7.

##### **Olíubirgðastöð EBK ehf. á Keflavíkurflugvelli**

EBK er fyrirtæki í jafnri eigu N1, Skeljungs, Olís og Icelandair Group hf. EBK er rekstraraðili eldsneytisbirgðastöðvar á Keflavíkurflugvelli.

#### 4.8.

##### **Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli EAK ehf.**

EAK er fyrirtæki í eigu N1, Skeljungs og Olís, sem hvert um sig á þriðjungshlut í fyrirtækinu. Hlutverk EAK er að sjá um afgreiðslu flugvélaeldsneytis á Keflavíkurflugvelli og aðra þjónustu við olíu- og flugfélög á vellinum.

### **IV.**

#### **Samkeppnisaðstæður á eldsneytismarkaðnum**

Markaðsrannsóknin beinist að því að taka afstöðu til samkeppnisaðstæðna á eldsneytismarkaðnum. Þar á meðal verður litið til eftirfarandi atriða:

- Markaðsgerðar,
- aðgangs-, útgöngu- og vaxtarhindrana,
- kaupendastyrks,
- birgjastyrks,
- lóðréttrar og láréttrar samþættingar,
- skiptikostnaðar,
- samkeppni milli fyrirtækja,
- lóðréttra og láréttra samninga milli fyrirtækja,
- opinberra samkeppnishamla og
- til annarra mælikvarða.

Jafnframt er litið til viðmiðunarþátta sem geta gefið til kynna hversu virk samkeppnin á markaðnum er, svo sem:

- verðs,
- arðsemi,

---

<sup>7</sup> ASTM International eru aðlþjóðleg staðlasamtök sem birta tæknilega staðla fyrir ýmis konar vörur, þjónustu, efni og kerfi.



- alþjóðlegs verðsamanburðar og
- annarra viðmiðunarpátta.

Þær aðstæður eða háttsemi sem Samkeppniseftirlitið telur að geti komið í veg fyrir, takmarkað eða haft skaðleg áhrif á samkeppni á íslenska eldsneytismarkaðnum og rannsaka þurfi frekar eru m.a. eftirfarandi atriði:

- Sú aðgangs- og vaxtarhindrun, fyrir þá aðila sem annaðhvort vilja koma inn á markaðinn eða stækka sína hlutdeild á markaðnum, sem getur falist í þeim mikla kostnaði sem fylgir því að reisa birgðastöð, eða um 800-1.000 milljónir króna. Þessi staðreynd getur valdið því að innkoma nýrra aðila inn á afmarkaða landfræðilega markaði getur verið erfið.
- Sú aðgangs- og vaxtarhindrun sem getur falist í því að félögin sem eiga olíubirgðastöðvar á Íslandi, beint eða óbeint; Atlantsólía, N1, Olís og Skeljungur, eru lóðrétt samþætt fyrirtæki er reka einnig bensínstöðvar (á smásölustigi) og geta þ.a.l. haft minni hvata en ella til þess að selja eldsneyti í heildsölu til nýrra aðila á markaðnum sem stefna að því að keppa við þau á smásölustiginu.
- Stefna Reykjavíkurborgar og e.t.v. annarra sveitarfélaga að ekki verði reistar nýjar bensínstöðvar nema samsvarandi fjöldi verði lagður niður í staðinn, án þess að tryggt sé að lóðir sem úthlutað hefur verið og byggingar geti skipt um hendur og þannig auðveldað nýjum aðilum að hefja starfsemi og smærri aðilum að stækka. Skipulagshindranir af þessu tagi geta valdið því að nýir aðilar komist hvorki inn á markaðinn né að þeir aðilar sem þar eru fyrir geti aukið hlut sinn með því að fjölga sölustöðum. Þessar aðstæður geta leitt til minni hvata hjá þeim fyrirtækjum sem starfa á markaðnum að leita hagkvæmari leiða til að bjóða fram vöru sína og þjónustu.
- Samstarf, eignarhald og stjórnunartengsl þeirra fyrirtækja sem starfa á eldsneytismarkaðnum. Rannsaka þarf að hvaða leyti núverandi samstarf milli þeirra fyrirtækja sem starfa á markaðnum, s.s. í gegnum birgðahald og dreifingu, getur verið samkeppnishamlandi auk þess sem vega þarf og meta hvort hagkvæmnissjóðarmið geti réttlætt samstarfið miðað við núverandi markaðsaðstæður.
- Hvort verðbreytingar á smásöluverði eldsneytis í kjölfar breytinga á innkaupsverði séu ósamhverfar, þ.e. að smásöluverð breytist ekki jafn mikið í kjölfar hækkunar og lækkunar á innkaupsverði.
- Hlutverk og starfshættir Flutningsjöfnunarsjóðs á markaðnum, sbr. lög nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Kanna þarf áhrif sjóðsins á samkeppni, þ.a.m. miðlun hans á upplýsingum til keppinauta á markaði.
- Hvort smásölu markaðurinn fyrir eldsneyti á Íslandi beri einkenni þess að þegjandi samhæfing (e. tacit coordination/collusion) þeirra fyrirtækja er starfa á markaðnum geti verið til staðar. Atriði sem geta aukið líkur á því að þegjandi samhæfing fyrirtækja geti verið til staðar á milli þeirra eru m.a. fákeppnisaðstæður á markaðnum, einsleitar vörur, mikið gagnsæi, óteygjin eftirspurn, mikill fjöldi viðskipta, aðgangshindranir, efnahagsleg og formbundin tengsl á milli fyrirtækja auk svipaðrar kostnaðaruppyggingar.





**V.**

### **Tímaáætlun**

Á næstu mánuðum mun Samkeppniseftirlitið safna upplýsingum og gögnum og leita sjónarmiða forsvarsmanna þeirra fyrirtækja er starfa á íslenska eldsneytismarkaðnum, viðskiptavina og samtaka þeirra, opinberra aðila og annarra aðila sem að mati eftirlitsins geta varpað skýrara ljósi á þær samkeppnisaðstæður sem rannsókn þessi lýtur að. Að auki verður litið til umsagna er berast um rannsóknaráætlun þessa.

Á fyrri hluta árs 2014 gerir Samkeppniseftirlitið ráð fyrir því að upplýsingaöflun og mati eftirlitsins á gögnum verði lokið og um mitt ár 2014 verði birt svokölluð frummatsskýrsla. Í henni verður m.a. tekin afstaða til þess hvort nauðsynlegt sé Samkeppniseftirlitið undirbúi beitingu heimilda sinna skv. 16. gr. samkeppnislaga.